

# Vetrar- og nýtingarþol gras- og smárayrkja í túnrækt

Guðni Þorvaldsson  
Þórdís Anna Kristjánsdóttir  
Jónatan Hermannsson  
Þóroddur Sveinsson



# Vetrar– og nýtingarþol gras– og smárayrkja í túnrækt

Guðni Þorvaldsson  
Þórdís Anna Kristjánsdóttir  
Jónatan Hermannsson  
Þóroddur Sveinsson

Desember 2014  
Landbúnaðarháskóli Íslands, auðlindadeild

## EFNISYFIRLIT

Yfirlit .....	7
Inngangur .....	9
Efni og aðferðir .....	9
Niðurstöður og umræður .....	16
Veður .....	16
Þekja .....	19
Uppskera .....	33
Hlutdeild smára .....	37
Áhrif landshluta .....	38
Fjarlægð frá sjó .....	38
Sýrustig .....	39
Rúmþyngd jarðvegs .....	39
Svell .....	39
Beit .....	41
Mismunandi vetur .....	42
Ályktanir .....	44
Þakkarorð .....	45
Heimildir .....	46
Viðauki A – Hitastig og úrkoma á hverjum tilraunastað .....	48
Viðauki B – Yrki í tilraunum 1986–2014 .....	59

## YFIRLIT

1. Vorið 2009 var sáð í yrkja- og tegundatilaunir á 23 stöðum hringinn í kringum landið. Þrjár þeirra voru á starfsstöðvum Lbhí á Korpu, Hvanneyri og Möðruvöllum en aðrar tilraunir voru í túnum hjá bændum. Sáð var 24 yrkjum af 12 tegundum túngrasa og smára og einn liður var með blöndu af tveimur smáategundum og tveimur grastegundum. Eftirtaldar tegundir voru í tilrauninum: Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.), hávingull (*Festuca pratensis* Huds.), axhnoðapuntur (*Dactylis glomerata* L.), vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.), hálíngresi (*Agrostis capillaris* Sibth.), vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.), tágavingull (*Festuca arundinacea* Schreb.), hvítsmári (*Trifolium repens* L.), túnsmári (*Trifolium hybridum* L.) og rauðsmári (*Trifolium pratense* L.). Á tilraunastöðvunum var sáð nokkrum yrkjum til viðbótar þeim sem voru á öllum stöðunum og auk þess tveimur yrkjum af refasmára (*Medicago sativa* L.).
2. Þrjár tilraunir voru dæmdar ónýtar eftir fyrsta veturinn þar sem sáning hafði ekki tekist nógu vel og var tilraunin á Hvanneyri ein þeirra. Sú fjórða datt út eftir annan veturinn vegna kals.
3. Uppskera og lifun yrkjanna var mæld árlega á Korpu og Möðruvöllum. Tilraunirnar í túnum bænda fengu sömu meðferð og túnin sem þær voru í en uppskera var ekki mæld, einungis lifun. Tilraunirnar stóðu frá 2009 til 2013. Upplýsingum um áburð, slátt, beit og svellamyndun var safnað hjá bændunum.
4. Í þessum tilraunum reyndi mikið á svellþol yrkjanna en síður á kuldaþol. Sjö tilraunir lágu undir svellum lengur en í tvo mánuði. Þar sem svell lágu lengi á tilrauninum má skipta grastegundunum í þrjá hópa eftir lifun: Vallarsveifgras, hálíngresi og vallarfoxgras voru með mesta þekju, um 30%. Í næsta hópi voru hávingull og axhnoðapuntur með 10 og 13% þekju. Í þriðja hópnum voru vallarrýgresi og tágavingull með innan við 2% þekju. Smárin gæti verið í miðhópnum. Mikill yrkjamunur kom fram í vallarfoxgrasi og vallarsveifgrasi hvað svellþol varðar en Knut vallarsveifgras var með mesta þekju allra yrkja (50%) í svellflokknum og Snorri vallarfoxgras með 41%.
5. Þar sem svell lágu ekki yfir var lítill munur í lifun hjá vallarfoxgrasi, hálíngresi, vallarsveifgrasi, hávingli og axhnoðapunti. Þessar tegundir voru með 50-70% þekju í lok tilraunanna. Vallarrýgresi og tágavingull voru mun lakari með um 17% þekju að meðaltali. Í þessum hópi var einnig mikill yrkjamunur en Knut og Snorri standa enn efstir með 85% og 78% þekju. Þekja smára var meiri þar sem svell lágu lítt eða ekki, sérstaklega hvítsmára (20%). Þekja rauðsmára og túnsmára var hins vegar aðeins um 5% í þessum hópi við lok tilraunanna. Refasmári lifði ekki fyrsta veturinn á Korpu en lifði ágætlega fyrsta veturinn á Möðruvöllum og þekjan var 5% eftir þrjá vetur.
6. Mikill breytileiki var í endingu sáðgresis eftir tilraunastöðum en fram undir síðasta veturinn mátti sjá mjög fallegar tilraunir í öllum landshlutum. Tilraunirnar á Vesturlandi voru að jafnaði með mesta þekju en ekki skildi milli hinna landshlutanna fyrr en síðasta veturinn en þá var mikið kal, einkum á Norður- og Austurlandi. Þekja sáðgresis fór að meðaltali minnkandi eftir því sem lengra dró frá sjó, enda voru tilraunir í innsveitum að jafnaði hærra yfir sjó en aðrar.

7. Borin var saman þekja í tilraunum eftir rúmþyngd jarðvegsins en ekki var hægt að merkja neinn mun. Hins vegar hafði sýrustig áhrif þannig að þekja sáðgresis var meiri þar sem sýrustig var hærra, sérstaklega átti það við smárann.
8. Uppskeran var mæld í þrjú ár á Korpu en tvö ár á Möðruvöllum. Tvíslegið var öll árin. Meðaluppskera grasyrkjanna þessi fimm ár var á bilinu 66-86 hkg þe./ha. Hávingull og axhnoðapunktur gáfu mesta uppskeru um 84 hkg þe./ha. Rýgresi og tágavingull voru með um 80 hkg þe./ha, vallarfoxgras með 76, hálíngresi 74 og vallarsveifgras 71 hkg þe./ha. Knut vallarsveifgras sýndi mesta vetrarþol grasanna í tilraununum en gaf minnsta uppskeru 66 hkg þe./ha. Mesta uppskeru gaf Inkeri hávingull, 86 hkg þe./ha. Rauðsmári gaf 56 hkg þe./ha, hvítsmári gaf tæplega 48 en túnsmári 45. Sami áburður var borinn á smárann og grasið á Möðruvöllum um 125 kg N/ha, en á Korpu voru 150 kg N/ha borin á grasið en 80 kg N/ha á smárann. Meðaluppskera grasyrkjanna í þessum tilraunum var 78 hkg þe./ha en 53 hkg þe./ha hjá smáranum. Þetta er meiri munur en fengist hefur í ýmsum öðrum tilraunum þar sem smárablöndur hafa jafnvel verið með meiri uppskeru en gras í hreinrækt, þótt smárablöndur fengju þá minni áburð en grastegundir hreinar. Hlutfall seinni sláttar af heildaruppskeru var á bilinu 25-40%, minnst hjá vallarfoxgrasi.
9. Yrkjamunur var töluverður í uppskeru hjá vallarfoxgrasi og vallarsveifgrasi. Rakel var með mesta uppskeru vallarfoxgrasyrkjanna en Noreng lakasta. Lidar, Switch og Nuutti koma næst Rakel en þó 5 hkg á eftir. Snorri var næst lægstur. Ekki var mikill uppskerumunur milli smárayrkja.
10. Þekja var metin í fjórum tilraunum sumarið 2014. Vallarfoxgras hafði gefið mikið eftir frá árinu áður en aðrar tegundir minna.

## INNGANGUR

Fjölærar fjóðurjurtir eru uppistaða fóðuröflunar á Íslandi. Miklu skiptir að hver tegund sé notuð þar sem hún hentar best með tilliti til veðráttu, jarðvegs og þess til hvers á að nota hana. Vallarfoxgras og vallarsveifgras hafa verið helstu grös í sáðblöndum fyrir tún um langt skeið. Fyrir nokkrum áratugum voru háliðagras og túnvingull einnig í þessum hópi en mjög hefur dregið úr notkun þessara tegunda í túnrækt.

Tegunda- og yrkja-tilraunir hafa í áratugi verið gerðar nokkuð reglulega hér á landi. Niðurstöður eru birtar í árlegri Jarðræktarskýrslu Landbúnaðarháskóla Íslands og voru áður birtar í Jarðræktarskýrslum RALA og Fjölritaröð á Hvanneyri. Nokkrar skýrslur og greinar um samantekt og úrvinnslu á niðurstöðum hafa einnig verið birtar (Sturla Friðriksson 1956; Áslaug Helgadóttir 1982; Hólmgeir Björnsson 1982; Hólmgeir Björnsson og Guðni Þorvaldsson 1983; Ríkharð Brynjólfsson 1984; Jónatan Hermannsson 1985; Áslaug Helgadóttir og Þórdís Kristjánsdóttir 1989; Áslaug Helgadóttir 1990; Ríkharð Brynjólfsson 1990; Hólmgeir Björnsson, 1993; Guðni Þorvaldsson, 1993; Hólmgeir Björnsson 1996; Áslaug Helgadóttir og Þórdís Kristjánsdóttir 1998; Hólmgeir Björnsson 2000a og 2000b). Margar tilraunir hafa verið gerðar með vallarfoxgras, túnvingul og vallarsveifgras en mun færri með tegundir eins og hávingul, axhnoðapunt, sandfax o.fl. Allmargar yrkja-tilraunir hafa einnig verið gerðar með smára. Stöðugt er verið að kynbæta þessar tegundir og því þurfum við að endurtaka slíkar tilraunir með nýjum yrkjum en gömul yrki eru alltaf með til viðmiðunar. Á grundvelli þessara tilrauna hefur árlega verið gefinn út sáðvörulisti þar sem finna má þær tegundir og yrki sem reynst hafa vel.

Vorið 2005 var sáð í tegunda- og yrkja-tilraunir víða um land (Guðni Þorvaldsson og Þórdís Anna Kristjánsdóttir, 2010). Ýmislegt kom á óvart í þeim tilraunum, t.d. að axhnoðapunktur og vallarrýgresi skyldu koma betur undan vetri í Dýrafirði vorið 2007 en á öðrum stöðum á landinu. Niðurstöðurnar gáfu tilefni til að skoða nánar samspil tegunda, jarðvegs og landsvæða með það í huga að fá nákvæmari vitneskju um hvaða tegundir og yrki henta best á hverjum stað. Vorið 2009 var sáð til 23 tilrauna sem áttu að gefa svör við þessum spurningum.

## EFNI OG AÐFERÐIR

Vorið 2009 var sáð í yrkja- og tegunda-tilraunir á 23 stöðum hringinn í kringum landið (1. mynd og 1. tafla). Þrjár þeirra voru á starfsstöðvum Lbhí á Korpu, Hvanneyri og Möðruvöllum. Aðrar tilraunir voru í tünnum hjá bændum. Í þær þurfti því að sá á nokkurn veginn sama tíma og bændurnir sáðu í spildurnar. Í 2. töflu eru gefnar ýmsar upplýsingar um jarðveg á tilraunastöðvunum og myndir af tilraununum eru í viðauka. Sáð var 24 yrkjum af 12 tegundum túngrasa og smára og einn liður var með blöndu af 4 tegundum (3. tafla). Þessi blanda með 4 tegundum var valin vegna þess að sams konar blanda hafði gefið athyglisverðar niðurstöður í tilraunum hér og erlendis (Erla Sturludóttir o.fl. 2013). Á tilraunastöðvunum var sáð nokkrum yrkjum til viðbótar þeim sem voru á öllum stöðvunum (4. tafla).

Reitastærð hjá bændum var  $2 \times 2,5$  m = 5 fermetrar og endurtekningar voru 2.


Reitastærð á tilraunastöðvunum (Korpa og Möðruvellir) var 12 fermetrar en 16 á Hvanneyri. Þetta voru blokkatilraunir með 3 endurtekningum.

Handsáð var í tilraunirnar nema á Korpu og Möðruvöllum. Þar var raðsáð með tilraunasáðvélum.

Tilraunirnar voru gerðar í samráði við jarðræktarráðunauta um allt land. Þeir komu að mati á tilraununum og í sumum tilvikum að sáningu einnig. Ráðunautar hjá Búnaðarsambandi Austurlands voru oftast en einu sinni með kynningu á tilraununum þar sem bændum var boðið að koma og skoða þær með leiðsögn.

Þrjár tilraunir voru dæmdar ónýtar eftir fyrsta veturinn. Á Hvanneyri spíraði ekki nógu vel í tilrauninni og hún því mjög gisin. Tilraunin á Ósi skemmdist vegna illgresis en hún var í landi þar sem kartöflurækt hafði verið stunduð lengi. Tilraunin á Búlandi var talin ónýt vegna umferðar nautgripa um tilraunasvæðið haustið eftir sáningu.

Tilraunirnar hjá bændum voru metnar á hverju sumri. Þekja viðkomandi yrkja í reitunum var metin og spurt var um áburð á tilraunirnar, slátt og beit. Einnig var reynt að afla upplýsinga um snjóalög og svell yfir veturinn. Tilraunirnar hjá bændum fengu sömu meðferð og sama áburð og túnin sem þau voru í. Væru þau beitt voru tilraunirnar beittar o.s.frv.



1. mynd. Myndin sýnir dreifingu tilraunastaðanna um landið (Sigmundur Helgi Brink teiknaði).

Uppskeyra var mæld í tilraununum á Korpu og Möðruvöllum bæði í fyrri og seinni slætti. Þær voru svo metnar oftast en einu sinni yfir sumarið. Við hvern slátt á Korpu voru tekin sýni úr smárareitunum til að greina í tegundir. Hver tegund var vigtuð og þurrkuð fyrir sig. Haustið 2010 var reitum á Korpu gefin einkunn fyrir haustlit. Allar myndir í skýrslunni eru teknar af Guðna Þorvaldssyni nema myndir frá Möðruvöllum, þær tók Þóroddur Sveinsson.

**1. tafla.** Tilraunastaðirnir, hæð þeirra yfir sjó, fjarlægð frá sjó og halli lands (5 mesti halli) ásamt eiginleikum jarðvegs.

	Jarðvegur	H.y.s. m	Fjarl. f. sjó, km	Halli 1-5	pH %	Glæði- tap	Rúmp. g sm <sup>-3</sup>	Sáð- dagur	
Korpa, grös	Mosfellssveit	Mói	45	1	2	6,0	25	0,70	19.5.
Korpa, smári	Mosfellssveit	Mói	45	1	3	6,5	21	0,85	19.5.
Ós	Akranesi	Sendið	4	0	2	5,4	24	0,80	15.6.
Hvanneyri	Andakíl	Mýri	12	3	2	6,0	49	0,55	4.7.
Helgavatn	Þverárhlið	Árbakki	45	29	3	5,2	20	0,81	15.5.
Ystu-Garðar	Hnappadal	Mýri	48	6	2	5,3	53	0,44	2.6.
Svínaskógur	Fellsströnd	Mýri	85	3	1	5,5	19	0,85	12.6.
Kroppstaðir	Önundarfirði	Mói	8	1	3	5,3	11	1,09	4.6.
Bessastaðir	Hrútafirði	Mói	42	1	4	5,9	33	0,73	3.6.
Torfalækur	Ásum	Mýri	39	4	1	5,2	38	0,60	22.5.
Flugumýri	Blönduhlíð	Mói	30	20	2	5,2	19	0,84	22.5.
Möðruvellir	Hörgárdal	Mói	12	4	2	6,9	16	0,88	2.7.
Syðri-Kambhóll	Galmaströnd	Mói	26	1	2	4,9	37	0,68	28.5.
Rauðá	Bárðardal	Mýri	134	33	3	5,5	23	0,73	29.5.
Holt	Þistilfirði	Mói	23	1	2	6,3	13	0,93	10.6.
Ketilsstaðir	Útmanasveit	Mói	24	20	2	6,3	18	0,74	20.5.
Eyjófsstaðir	Völlum	Mói	43	25	3	5,2	22	0,65	19.5.
Flatey	Hornafirði	Aur	26	3	1	5,6	4	1,24	15.6.
Úthlíð	Skaftártungu	Mýri	90	29	3	5,8	10	0,97	14.6.
Voðmúlastaðir	Landeyjum	Sendið	22	11	1	6,4	7	1,13	4.6.
Búland	Landeyjum	Mói	25	11	2	6,1	10	0,99	4.6.
Þverlækur	Holtum	Mói	100	32	2	6,3	15	0,89	26.6.
Stóra-Ármót	Flóa	Mói	18	14	1	6,0	8	1,10	14.5.
Heiðarbær	Þingvallasveit	Mói	132	25	4	5,3	24	0,82	26.6.

Hér á eftir fara upplýsingar um áburð, snjóþekju og svell á tilraununum:

**Korpa.** Áburður var 50 kg N/ha af Blákorni (12-5-14) við sáningu 2009. Árin á eftir voru 100 kg N/ha borin á grasið í blönduðum áburði (16-7-13) en 40 kg N/ha á smárann í Blákorni. Eftir 1. slátt fékk grasið 50 kg N/ha en smári 40 kg N/ha í sömu áburðartegundum. Áburður var því 150 kg N/ha árlega á gras og 80 kg N/ha á smára. Borið var á þann 7. maí 2010 og 2011 en 4. maí 2012.

Ekki mynduðust svell á tilrauninni. Snjóþekja var á tilrauninni tvo mánuði 2011-12, annars ekki nema stuttan tíma í senn.

**Helgavatn.** Áburður við sáningu var 120 kg N/ha í blönduðum áburði (21-4-10). Áburður næstu ár var tilbúinn áburður og skítur (20 tonn ha). Heildarmagn niturs á ári um 130 kg.

Ekki myndaðist svell á tilrauninni og yfirleitt var ekki snjóþekja á henni.

**Ystu-Garðar.** Áburður við sáningu: 40 kg N/ha og skítur. Áburður næstu ár var um 80 kg N/ha í tilbúnum áburði en ekki skítur fyrr en vorið 2013. Yfirleitt ekki borið á milli slátta.

Svell lágu ekki lengi yfir tilrauninni.

**Svínaskógur.** Áburður við sáningu var skítur og blandaður áburður. Áburður næstu ár var 120 kg N/ha í blönduðum áburði og sauðataði (10 tonn á ha). Vorið 2013 hafði gæs eða sauðkind komist í tilraunina og eingöngu bitið reiti með lvar rýgresi.

Svell lágu ekki lengi yfir tilrauninni.



Kroppstaðir. Áburður við sáningu var 80 kg N/ha í Magna auk mykju. Áburður næstu ár var 108 kg N/ha í tilbúnum áburði auk mykju, 40 kg N/ha eftir slátt. Alls 148 kg N/ha. Þurrkur hamlaði sprettu flest árin einkum í seinni slætti.

Svell voru á tilrauninni í tvo mánuði 2013. Snjór hefur legið á tilrauninni flesta vetur.

Bessastaðir. Áburður við sáningu var 85 kg N í blönduðum áburði (20-16-10). Áburður næstu ár var 130 kg N í blönduðum áburði og einhver skítur á milli slátta. Allar tegundir í tilrauninni bitust vel nema língresið.

Svell lágu ekki á tilrauninni og yfirleitt ekki mikill snjór.

Torfalækur. Áburður við sáningu var 40 kg N/ha í blönduðum áburði (21-4-10) og skítur. Áburður næstu ár var 100 kg N/ha í blönduðum áburði og skítur.

Svell lágu ekki á tilrauninni en snjór var yfir henni frá desember 2012 og fram í febrúar 2013.

Möðruvellir. Borið var á 25 kg N/ha í Blákorni við sáningu. Þann 12. maí 2010 voru borin 120 kg N/ha í Græði 6 (20-10-10) á alla liði. Vorið 2011 urðu þau mistök að bæði var borið á tilraunina samkvæmt áætlun og svo var óviljandi farið með áburðardreifna yfir hana líka. Uppskeyra var því ekki mæld 2011. Þann 7. maí 2012 voru 127 kg N/ha í blönduðum áburði (20-10-10) borin á alla liði.

Svell lágu á tilrauninni í marga mánuði veturinn 2012-2013.

Flugumýri. Áburður við sáningu var 60 kg N/ha í blönduðum áburði (16-6,5-10). Áburður næstu ár var ýmist tví- eða þrígildur tilbúinn áburður og mjög mikill skítur. Mikið illgresi kom í tilraunina sáðárið. Illgresið var slegið um sumarið en náði þó að spilla tilrauninni.

Ekki voru svell á tilrauninni.

Syðri-Kambhóll. Áburður við sáningu var 30 kg N/ha í tilbúnum áburði og skítur.

Tilraunin fór illa af kali veturinn 2010-2011 og var plægð upp um vorið. Ekki náðist að meta hana áður.

Rauðá. Áburður við sáningu var 50 kg N/ha í blönduðum áburði (19-5-14). Áburður næstu ár var um 120 kg N í blönduðum áburði.

Veturinn 2010-2011 lá krapi yfir tilrauninni í langan tíma sem síðar hefur breyst í svell og skemmdi tilraunina mikið. Í miðri tilrauninni er landið örlítið lægra og þar urðu skemmdirnar mestar.

Holt. Áburður við sáningu var 50 kg N/ha í tilbúnum áburði (19-15-16). Áburður næstu ár var 120 kg N/ha í blönduðum áburði. Auk sauðfjárbeitar var mikil gæs í tilrauninni vor og haust 2012.

Svell voru á tilrauninni í 2-3 mánuði 2012 og 2013.

Ketilsstaðir. Áburður við sáningu var 120 kg N/ha í blönduðum áburði. Næstu ár 110 kg N/ha í blönduðum áburði og nitur að auki eftir fyrri slátt.

Svell voru á tilrauninni frá miðjum desember 2011 fram í miðjan janúar 2012. Skammkal sást í sumum reitum. Svell voru á tilrauninni í a.m.k. 3 mánuði 2013.

Eyjólfstaðir. Áburður við sáningu var 114 kg N í blönduðum áburði. Áburður næstu ár var 70 kg N/ha í blönduðum áburði og töluvert af skít. Hreindýr, gæsir og álftir hafa bitið tilraunina. Árið 2010 var mest bitið í rýgresisreitum en mikið hafði einnig verið bitið af vallarfoxgrasi og axhnoðapunti.

Mikill snjór var á tilrauninni veturinn 2012-2013 og líklega svell einnig.

Flatey. Áburður við sáningu var 115 kg N/ha í tilbúnum áburði (21-4-10). Áburður næstu ár var rúm 100 kg N/ha (23-14-9).

Svell var á tilrauninni frá janúar til mars 2012.

Úthlíð. Áburður við sáningu var 95 kg N/ha í (16-16-16). Áburður næstu ár var 110 kg N/ha í (22-7-6) að vori og 40 kg N/ha eftir fyrri slátt. Alls 150 kg N/ha. Árin 2011 og 2012 var borið svolítið af sauðataði á tilraunina.

Svell voru á tilrauninni í einn og hálfan mánuð, frá desember 2012 til janúar 2013.

Voðmúlstaðir. Áburður við sáningu var 127 kg N/ha í blönduðum áburði (22-7-6). Áburður næstu ár var 110 kg N/ha í blönduðum áburði og smávegis eftir fyrri slátt.

Engin svell hafa verið á tilrauninni.

Þverlækur. Áburður við sáningu var 52 kg N/ha í Móða og skítur. Áburður næstu ár var 70-80 kg N/ha í tilbúnum áburði og mykja. Einnig var borinn á tilbúinn áburður eftir slátt.

Veturinn 2013 var sérstakur, það grænkaði í febrúar og sölnaði í mars. Ekki voru svell á tilrauninni.

Heiðarbær. Áburður við sáningu var 84 kg N/ha í blönduðum áburði (21-6-10). Áburður næstu ár var 80 kg N/ha í tilbúnum áburði og skítur. Tilraunin var beitt haustið sem sáð var og hefur líklega ekki náð sér eftir það.

Ekki voru svell á tilrauninni.

Stóra-Ármót. Áburður við sáningu var 90 kg N/ha í blönduðum áburði. Áburður næstu ár var um 120 kg N/ha í tilbúnum áburði og skít. Tilraunin er skammt frá Ölfusá og gæs sótti mikið í tilraunina. Gæsin beit mikið haustið sem sáð var og öll árin þar á eftir. Þess vegna var ekki hægt að slá hana nema einu sinni á ári.

Ekki voru svell á tilrauninni.



Kalinn rýgresisreitir á Bessastöðum 2013.

## 2. tafla. Tegundir og yrki sem notuð voru í öllum tilraununum.

---

### Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Grindstad	Gamalt norskt yrki sem gefið hefur meiri endurvöxt en mörg önnur yrki.
Lidar	Nýtt yrki frá Graminor (kynbætt úr Grindstad). Gefur góðan endurvöxt.
Noreng	Yrki frá Graminor sem er ætlað fyrir norðurhluta Noregs. Á að koma í stað Engmo.
Rakel	Nýtt yrki frá SW (kynbætt úr Grindstad). Gefur mikla uppskeru, einnig í endurvexti.
Snorri	Yrkið er afrakstur samnorræns kynbótaverkefnis. Ætlað mjög erfiðum aðstæðum.
Switch	Nýlegt yrki frá SW (kynbætt úr Grindstad). Gefur mikla uppskeru, einnig í endurvexti.

### Vallarsveifgras (*Poa pratensis* L.)

Knut	Yrki frá Graminor.
Kupol	Nýlegt yrki frá SW. Kynbætt úr evrópskum efniviði. Fljótt til á vorin.

### Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)

Kasper	Yrki frá SW sem er notað í mið- og norðurhéruðum Svíþjóðar.
Norild	Yrki frá Graminor. Einkum notað í Norður-Noregi.

### Axhnoðapuntur (*Dactylis glomerata* L.)

Laban	Nýtt yrki frá Graminor sem á að hafa gott vetrar- og sjúkdómaþol.
-------	---

### Tágavingull (*Festuca arundinacea* Schreb.)<sup>1)</sup>Samheiti: *Schedonorus arundinaceus* og *Lolium arundinaceum*.

Swaj	Nýlegt yrki frá SW, lystugra en fyrri yrki. Kynbætt með því að láta sauðfé velja plöntur.
------	---

### Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Birger	Yrki frá SW (4n) sem reynst hefur vel hér á landi.
Figgjo	Yrki frá Graminor (4n). Ætlað fyrir mið- og suðurhluta Noregs.
Ivar	Yrki frá Graminor (4n).
Felina	Blendingur (rýgresi/tágavingull) frá DLF.

### Hálíngresi (*Agrostis capillaris* L.)

Leikvin	Yrki frá Graminor sem hefur reynst vel hér.
---------	---

### Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)

Lavine	Yrki frá Graminor (4n).
Lea	Yrki frá Graminor (2n).
Torun	Yrki frá SW (4n).
Yngve	Yrki frá SW (2n).

### Hvítsmári (*Trifolium repens* L.)

Litago	Nýtt yrki frá Graminor sem hefur ekki verið prófað hér áður.
Norstar	Vetrarþolið yrki frá Graminor sem reynst hefur vel hér á landi.

### Túnsmári (*Trifolium hybridum* L.)

Alpo	Yrki frá Graminor.
------	--------------------

### Blanda af 4 tegundum

Adda, vallarfoxgras + Sobra, vallarsveifgras + Norstar, hvítsmári + Torun, rauðsmári (25% af hverri).

---

<sup>1)</sup> Við höfum áður notað heitið stórvingull en að ráði Harðar Kristinssonar grasafræðings var ákveðið að nota tágavingul í staðinn. Stefán Stefánsson notaði það í Flóru Íslands og það er því líklega elsta nafnið.

**3. tafla.** Tegundir og yrki sem einungis var sáð á Korpu, Möðruvöllum og Hvanneyri.

---

Vallarfoxgras (*Phleum pratense* L.)

Nuutti	Nýlegt yrki frá Boreal, uppskerumikið með gott fóðurgildi.
Tenho	Nýlegt yrki frá Boreal, uppskerumikið.
Tuukka	Uppskerumikið og harðgert yrki frá Boreal.
Uula	Mjög harðgert yrki frá Boreal, ætlað fyrir mið- og norðurhluta Finnlands.

Hávingull (*Festuca pratensis* Huds.)

Ilmari	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki frá Boreal.
Inkeri	Uppskerumikið og vetrarþolið yrki frá Boreal með gott fóðurgildi.

Vallarrýgresi (*Lolium perenne* L.)

Trygve	Yrki frá Graminor (4n).
--------	-------------------------

Rauðsmári (*Trifolium pratense* L.)

Lars	Yrki frá Graminor (4n).
Lasse	Yrki frá Graminor (4n).
Lone	Yrki frá Graminor (4n).

Refasmári (*Medicago sativa* L.)

Nexus	Yrki frá SW
Liv	Yrki frá Graminor

---



Endurvöxtur á Korpu, greinilega minnst uppskera hjá Snorra.

## NIÐURSTÖÐUR OG UMRÆÐUR

### Beit, sláttur og kal

Tilraunirnar voru flestar slegnar tvisvar og margar beittar. Í 4. töflu eru upplýsingar um beit, slátt og kal í tilrauninum.

**4. tafla.** Beit, sláttur og kal í einstökum tilraunum. Ef beitarfénaður er ekki tilgreindur er átt við sauðfé.

	Vorbeit	Hautbeit	Slegið tvisvar	Kal
Korpa	nei	nei	já	í rýgresi 2011
Helgavatn	nei	nei	já	nei
Ystu-Garðar	nei	lítil	já	aðeins 2011
Svínaskógur	lítil	lítil	já	aðeins 2013
Kroppstaðir	nei	nei	já	aðeins
Bessastaðir	nei	kálfar	já	aðeins
Torfalækur	nei	nei	já	aðeins
Flugumýri	nei	kálfar	já	nei
Möðruvellir	nei	nei	já	2013
Syðri-Kambhóll	nei			mikið 2010
Rauðá	já	já	nei	2011, 2012
Holt	já	mikil	2012	2012, 2013
Ketilsstaðir	nei	nei	já	2012, 2013
Eyjófsstaðir	nei	nei	já	2012, 2013
Flatey	nei	nei	já	2012, 2013
Úthlíð	nei	mikil	já	aðeins
Voðmúlastaðir	nei	lítil	já	nei
Þverlækur	nei	kýr	stundum	grisjun
Stóra-Ármót	gæs	gæs	nei	nei
Heiðarbær	mikil	mikil	nei	nei



Vallarfoxgras í tilrauninni á Möðruvöllum í júní 2010.

## Veður á tilraunatímanum

Sáð var í tilraunirnar vorið og sumarið 2009. Það vor var hlýtt um land allt, en þurrkarnir byrjuðu í júní. Einkenni þessa sumars var stöðugur og mikill þurrkur á óvenjulegum tíma, það er um tveggja mánaða skeið frá Jónsmessu og fram yfir miðjan ágúst. Þennan tíma var hlýtt og sólfar sunnanlands og vestan, en svalt þokuloft nyrðra og eystra, úrkoma þó ekki mikil. Veður snerist svo til rigninga um miðjan ágúst.

Fræ spíraði fljótt og vel í þeim tilraunum sem fyrst var sáð en spíraði seint þar sem ekki var sáð fyrir en eftir miðjan júní. Víðast kom fræ þó vel upp að lokum en tilraunin á Hvanneyri náði þó ekki að spíra almennilega.

Veturinn 2009-2010 var snjóléttari á Korpu en dæmi eru til a.m.k. síðustu 30 ár. Hvítt var aðeins 27 daga og flesta þá daga aðeins föl. Sömu sögu er að segja af öllu Suðurlandi og að mestu leyti af Vesturlandi og vestanverðu Norðurlandi líka. Um tíma var nokkur snjór á austanverðu Norðurlandi og Austurlandi. Harður frostakafli stóð í nærri mánuð beggja vegna áramóta 2009-2010 og aftur í febrúar. Hlýndakaflar voru í janúar og mars, apríl var í meðallagi. Klaki var dálítill í jörðu, ekki þó mikill.

Þessi hlýi vetur og snögg skipti úr hita í kulda tvívegis reyndi mikið á nýgræðing vestanlands og sunnan. Til dæmis má nefna að haustsánar nytjajurtir, svo sem repja og hveiti, fóru illa hvarvetna í þeim landshlutum, en lifðu vel nyrðra. Syðra dó meira að segja rúgurinn, en honum hefur til þessa mátt bjóða flest.

Sumarið 2010 var afarhlýtt. Mánuðirnir maí-október voru allir langt yfir meðaltali og um vesturhelming landsins mun aldrei hafa mælst jafnhlýtt sexmánaða tímabil. Enginn einn mánuður náði þó methita. Vestanlands var mjög þurrt framan af sumri og mun þurrkurinn hafa haft hemil á sprettu. Um haustið lagðist í rigningar og september var eini mánuður sumars, sem talist gat úrkomusamur.

Veturinn 2010-2011 var misjafn eftir landshlutum. Eftir einstök hlýindi sumar og haust 2010 brá til kulda í nóvemberbyrjun. Fraus þá á auða jörð syðra en setti niður snjó nyrðra, einkum í útsveitum. Frost héldust þar til viku af janúar en eftir það gerði hlýindi og héldust þau meira og minna í tvo mánuði, svo mikil að klakaslit urðu í lágsvæitum. Í útsveitum nyrðra og á norðausturlandi öllu dugði þó hláka þessi ekki til annars en hleypa snjó í klaka sem lá á tünnum meginhluta vetrar. Fyrri hluta mars gerði hálfsmánaðar kuldakafla með snjó og frosti um allt land, eftir það einstaka rigningatíð sunnanlands og vestan. Sú rigningatíð stóð þar til 2. maí og hafði þá rignt þar um sveitir dag hvern í meira en 50 daga. Eðlilega var þá veður þurrt og gott norðaustanlands.

Þegar voraði 2011 komu í ljós verulegar kalskemmdir í útsveitum nyrðra og eystra. Kom kalið verulega niður á heyskap í sumum sveitum. Eftir hálfsmánaðarhlýindi í byrjun maí 2011 tóku við vorkuldar miklir og bætti ekki úr því fyrir en í júlíbyrjun. Spretta var víða afar hæg og sláttur hófst með síðara móti. Með úrkomu skipti í tvö horn, þurrkur var til stórskaða um vesturhelming landsins, ekki síst norðanlands, en blautt austanlands. Varð hvort tveggja til þess að heyskapur varð minni en í meðalári, hófst seint og gekk illa um austurhluta landsins og heyfengur þar varð með alminnsta móti. Frost gerði nokkrar nætur fyrir miðjan ágúst. September og október urðu svo hlýir og veðurgóðir um allt land.

Veturinn 2011-2012 var einstakur að því leyti að klaki kom ekki í jörð svo nokkru næmi nokkurs staðar á láglandi. Haustið var hlýtt fram um 20. nóvember. Þá gerði snjó um allt land – óvenju mikinn

sunnanlands og vestan – og lá hann í tvo mánuði. Þann tíma var frost nokkurt en snjórinn hlífði. Síðari hluta vetrar rigndi stöðugt vestanlands, til dæmis mældist úrkoma á Korpu 71 dag samfelld frá 20. janúar til 3. apríl. Hlýindi voru þá norðanlands og austan. Kalskemmdir urðu einhverjar um austanvert landið, hvergi var þó talað um verulegt tjón af þeim sökum.

Allir mánuðir frá aprílbyrjun til ágústloka 2012 voru þurrir og sólríkir. Kuldakast gerði um miðjan maí og sá mánuður varð ekki hlýr. Júní var kaldur nyrðra en hlýr syðra, næstu tveir mánuðir hlýir um land allt, september var í meðallagi, þó gerði þá það veður norðanlands og austan sem á sér fáar hliðstæður. Sumarið var að tiltölu svalast austanlands en hlýjast vestanlands.

Samkvæmt mælingum Veðurstofunnar er þetta sólríkasta sumar í manna minni, í Reykjavík frá 1929 og á Akureyri frá upphafi mælinga. Allir sprettumánuðir sumars voru þurrir og sá sums staðar illilega á tünnum og þau brunnu þar sem jarðgrunnt var undir. Bændur báru sig sumir illa undan litlum heyskap og töldu hána hafa brugðist.

Segja má að veturinn 2012-2013 hafi byrjað norðanlands með stórhrið á heiðum og í uppsveitum – slyddubyl í lágsveitum – þann 10. september. Þann snjó tók ekki upp að fullu og vetur lagðist síðan að með stórhriðum og snjóþyngslum um norðurhluta landsins þegar í byrjun nóvember. Snjórinn varð sums staðar með fádæmum, svo sem í Þingeyjarsýslum og í útsveitum við Eyjafjörð.

Austan- og norðaustanátt var ríkjandi allan veturinn. Þó varð veður um miðbik vetrar furðumilt, en dugði ekki til annars en hleypa snjónum í klaka, þar sem snjór var fyrir. Kalt var svo aftur í mars og apríl og snjó tók ekki upp að gagni í snjóasveitum fyrr en um 20. maí. Voru þá tún víða kalin til stórra skemmda.

Um suður- og vesturhluta landsins var aftur á móti snjólaust og snjólítið var í innsveitum á vestanverðu Norðurlandi. Þar var veturinn mildur miðsvetrar, en nokkuð úrkomusamur, kalt þó í mars og apríl. Sunnanlands var klakalítið.

Vorið 2013 kom seint í snjóasveitum nyrðra eins og áður segir. En svo brá til betri tíðar og júnímánuður var sá hlýjasti og besti norðanlands og austan í mannaminni eða í 60 ár. Júlí og ágúst voru líka með betra móti í nefndum héruðum og urðu til þess, að víða tókst vel til með sáningu í kalin tún.

Sunnanlands var veðri háttað á allt annan veg. Þar réð eindregin rigningatið í þrjá mánuði, júní, júlí og ágúst. Þar að auki var sumarið í röð þeirra kaldari. Grasspretta var með lakasta móti. Korn spratt illa og þroskaðist með afbrigðum seint, því að sólskinið vantaði og nærviðrið var blautt og svalt.

Í ágústlok gerði norðanáhlaup norðanlands, þó ekki til skaða í lágsveitum. Annað og verra veður gerði um miðjan september. Þá var norðanhvassviðri og mikil úrkoma nyrðra, víðast slydda, sums staðar snjór. Á austanverðu Suðurlandi og Suðausturlandi varð þá foráttuhvassviðri, sem olli miklu tjóni á húsum, vélum og skemmdi kornakra víða.

Veturinn 2013-2014 var mildur en snjóalög nokkur víða um land, einkum var hann snjóasamur á austanverðu Norðurlandi en hvergi kaldur. Kalskemmdir urðu nokkrar þar eystra en mun minni en árið áður. Í öllum landshlutum kom jörð klakalaus undan vetri eða því sem næst.

Í viðauka eru birt mánaðameðaltöl hita á næstu veðurstöðvum við tilraunastaðina öll árin. Þar eru einnig upplýsingar um heildarúrkomu hvers mánaðar á sömu stöðum og myndir af tilraununum.

## Þekja

Í 5. töflu eru þekjutölur hvers yrkis á hverjum stað og hverju ári sýndar og aftast í töflunni eru meðaltöl allra staða einstök ár sýnd. Eftir fjóra vetur var meðalþekja grastegundanna á bilinu 8-76% en smáategundanna á bilinu 2-20% enda var smáranum sáð í blöndu með grasi. Veturinn 2012-2013 var erfiður fyrir gróður og kal var víða mikið í túnum, einkum um norðan- og austanvert landið. Þekja sáðgresis í tilraununum féll því mikið milli sumrana 2012 og 2013. Við lok tilrauna var vallarsveifgrasið Knut með mesta þekju að meðaltali eða 76%. Í öðru, þriðja og fjórða sæti voru vallarfoxgrasyrkin Snorri (66%), Noreng (53%) og Rakel (51%) en Laban axhnoðapunktur fimmti með 49% þekju. Vallarrýgresi og tágavingull voru með minnsta þekju af grösunum eins og við var að búast. Eitt rýgresisyrikið, Ivar, var þó með 19% þekju að meðaltali. Breytileiki var mikill milli staða.

Á Korpu og Möðruvöllum voru fleiri yrki í tilraununum og þar var uppskera einnig mæld. Niðurstöður þekjumælinga allra yrkjanna í þeim tilraunum eru sýndar í 6. töflu. Finnsku vallarfoxgrasyrkin höfðu í lok tilraunar svipaða þekju og hin vallarfoxgrasyrkin á báðum stöðunum. Á Möðruvöllum var Tuukka þó með heldur minni þekju en önnur finnsk yrki. Finnsku hávingulsyrkin voru mjög áþekk hinum hávingulsyrkjunum á Möðruvöllum í lok tilraunar en heldur betri á Korpu. Eitt rýgresisyriki var á Korpu og Möðruvöllum sem ekki var á hinum stöðunum, Trygve frá Graminor. Á báðum stöðum var það í hópi þeirra betri í lok tilraunar. Þrjú yrki af rauðsmára voru á Möðruvöllum og Korpu sem ekki voru á hinum stöðunum, Lasse, Lone og Lars. Árið 2012 voru þessi yrki orðin með heldur minni þekju en hin á Möðruvöllum. Á Korpu voru þau áþekk hinum sumarið 2012 en eftir veturinn 2012-2013 voru tvílitna yrkin Yngve og Lea með mesta þekju og Lavine kom þar á eftir. Þau virðast hafa þolað þann vetur betur en hin. Á Korpu og Möðruvöllum voru einnig tvö yrki af refasmára. Þau lifðu ekki fyrsta veturinn á Korpu en þraukuðu í þrjá vetur á Möðruvöllum en með litla þekju nema fyrsta sumarið.

Snorri var með mesta þekju vallarfoxgrasyrkjanna vorið 2013, þegar tilraunatímabilinu lauk, (66%) og þannig var það á flestum tilraunastaðanna. Snorri var með 13 prósentustigum meiri þekju en Noreng sem kom næst. Rakel, Switch og Lidar eiga öll ættir að rekja til Grindstad og gefa, eins og Grindstad, meiri uppskeru og endurvöxt en Snorri og Noreng. Af þessum yrkjum var Rakel með mesta þekju (51%) en Switch lægsta (38%). Snorri er góður valkostur þar sem kalhætta er mikil en á mildari svæðum koma uppskerumeiri yrkin vel til greina. Finnsku yrkin eru ekki eins vel prófuð en eru einnig áhugaverð.

Vorið 2013 átti að vera síðasta matsár tilraunanna. Sumarið 2014 var þó ákveðið að skoða fjórar af tilraununum einu sinni enn, tilraunirnar á Voðmúlastöðum, Helgavatni, Ystu-Görðum og Svínaskógi. Þessar tilraunir litu allar ágætlega út vorið 2013. Niðurstöðurnar eru sýndar í 7. töflu. Það vekur athygli að hlutdeild vallarfoxgrass á þessum fjórum stöðum hefur minnkað úr því að vera að meðaltali 90% vorið 2013 í 33% sumarið 2014. Vallarsveifgrasið hefur á sama tíma rýrnað um helming og tágavingull hefur einnig látið töluvert á sjá en aðrar tegundir mun minna. Ekki er hægt að kenna þetta slæmum vetri því vallarrýgresi hrakaði lítið á sama tíma en það telst hafa mun lakara vetrarþol en vallarfoxgras og vallarsveifgras. Það er þekkt að vallarfoxgras endist ekki lengi í túnum (Jónatan Hermannsson og Áslaug Helgadóttir 1991; Guðni Þorvaldsson, 1994 og 1999) sérstaklega ekki ef það er slegið snemma. Samkeppni við önnur grös virðist vallarfoxgrasi erfið við þessar aðstæður. Grösin sem ýta því út eru ýmist þau náttúrulegu grös sem uxu áður í viðkomandi túni eins og t.d. snarrót og hálíngresi eða þá grös sem sáð var með vallarfoxgrasinu (Jørgensen og Junntilla 1994; Jørgensen o.fl. 1994). Það er mjög breytilegt hvað vallarfoxgrasið hörfar fljótt og ræðst það væntanlega af styrkleika samkeppnisgrasanna á staðnum og því hversu hagstætt umhverfið er vallarfoxgrasi. Þá er átt við



þætti eins og eiginleika jarðvegs, raka í jarðvegi, áburðargjöf og áburðartíma, sláttutíma og beit. Í þessum fjórum tilraunum varð hrun hjá vallarfox-grasinu á fimmta ári. Tilraunirnar voru metnar vorið 2013 og aftur síðsumars 2014. Tvö sumur eru þar á milli og hefur vallarfoxgrasið væntanlega hörfað vegna samkeppni þessi tvö sumur sem og önnur grös sem létu undan síga. Þetta gæti aðeins ýkt munin hvað vallarfoxgrasið varðar því það er fljótt til á vorin en þarf lengri tíma til að koma sér af stað eftir slátt en önnur grös.

Á sama tíma og sáð var í tilraunirnar sem kynntar eru í þessari skýrslu var sömu yrkjum sáð í tvær tilraunir á Grænlandi, tvær í Noregi, eina í Færeyjum og eina í Svíþjóð (Thorvaldsson o.fl. 2014). Niðurstöður fyrir Korpu og Möðruvelli eru kynntar í báðum skýrslunum. Breytilegt var milli staða hvaða tegundir og yrki höfðu mesta þekju eftir þrjá vetur í tilraununum. Á Íslandi, í Svíþjóð og á Furuneset í Noregi var axhnoðapunktur með mjög góða þekju (90%) og einnig vallarfoxgras (86%). Hávingull hélt sér sérstaklega vel á Íslandi og í Svíþjóð (93%) en var lakari annars staðar. Vallarfoxgrasið var best í Norður-Noregi. Á Grænlandi voru norðlægir vallarfoxgrasstofnar, vallarsveif-gras og língresi betri en aðrar tegundir en tágavingull og rýgresi lakari.

Árið 2005 var sáð í nokkrar yrkjatilraunir víða um land (Guðni Þorvaldsson og Þórdís Kristjánsdóttir 2010). Þar voru 9 yrki af vallarfoxgrasi. Meðalþekja vallarfoxgrass í þeim tilraunum var svipuð eftir 4 ár og í þessum tilraunum eða 51%. Síðustu tvö árin í eldri tilraunaröðinni minnkaði þekja vallarfoxgrass að meðaltali um 10 prósentustig á ári. Í tilraununum sem hér eru kynntar minnkaði þekja vallarfoxgrass um 9 prósentustig á ári síðustu þrjú árin. Þetta er svipuð árleg rýrnun á vallarfoxgrasi og áður hefur fundist í rannsóknum hér á landi (Jónatan Hermannsson og Áslaug Helgadóttir 1991; Guðni Þorvaldsson 1994; Guðni Þorvaldsson 1999). Breytileikinn er þó mikill milli túna og tilrauna. Í tilrauninni á Voðmúlastöðum var t.d. vallarfoxgrasið nánast ekkert farið að gefa eftir eftir 4 ár, en hrundi svo eftir það (7. tafla). Auk kals skiptir sláttutíminn mestu um það hversu lengi vallarfoxgrasið endist en aðrir þættir eins og áburðarmagn og áburðartími skipta einnig máli (Jónatan Hermannsson og Áslaug Helgadóttir 1991). Þá virðist vallarfoxgras endast betur í hreinrækt en í blöndu með öðrum tegundum.

Í tilraununum frá 2005 (Guðni Þorvaldsson og Þórdís Kristjánsdóttir 2010) voru 4 hávingulsyrki. Þau voru eftir 4 vetur með 70% þekju að meðaltali og var engin grastegund með meiri þekju. Á þessum árum komu ekki svellavetur. Vorið 2012 (eftir 3 vetur) í seinni tilraunaröðinni voru hávingulsyrkin með tæplega 70% þekju en fóru sums staðar illa fjórða og síðasta veturinn og enduðu með tæplega 40% þekju eftir fjögur ár. Í tilrauninni frá 2005 var meðalþekja axhnoðapunts 45% í lok tilraunanna og því áþekk því sem var í þessum tilraunum (49%). Vallarýgresi var með um 20% þekju eftir tilraunirnar frá 2005, heldur meiri þekju en í þessum tilraunum.

Hvítsmári var með 38% þekju í lok tilraunanna frá 2005 og rauðsmári með 25% þekju sem er nokkuð meira en í þessum tilraunum.

**5. tafla.** Þekja sáðgresis (%) á hverjum tilraunastað 2009 – 2013. Á nokkrum stöðum vantar haustþekju sáðárið, á einum stað lauk tilraun 2012 og á öðrum stað eftir eitt ár. Á þremur stöðum mistókst tilraun alveg.

Þekja, %	Korpa					Ós, Hvanneyri <sup>1)</sup>		Helgavatn				
	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2009	2010	2011	2012	2013	
<b>Vallarfoxgras</b>												
Rakel	93	95	94	94	43		53	85	88	90	95	
Lidar	92	93	92	94	33		53	88	93	85	90	
Grindstad	92	92	93	94	32		50	80	80	80	93	
Switch	90	93	94	93	33		53	73	80	80	88	
Snorri	88	95	91	93	30		50	98	91	95	98	
Noreng	83	93	90	92	22		45	95	88	85	95	
<b>Hávingull</b>												
Norild	58	87	82	83	53		18	85	83	63	60	
Kasper	82	95	96	90	78		40	90	85	75	93	
<b>Axhnoðapuntur</b>												
Laban	90	95	99	99	100		60	93	98	88	98	
<b>Vallarsveifgras</b>												
Kupol	75	93	33	18	15		30	80	85	58	35	
Knut	68	95	82	87	45		18	68	90	80	55	
<b>Hálíngresi</b>												
Leikvin	90	95	84	91	80		33	80	70	85	18	
<b>Rýgresi</b>												
Felina	80	32	30	72	20		35	15	15	4	0	
Figgjo	93	62	82	82	28		85	55	18	15	0	
Birger	92	83	85	80	28		78	85	6	10	0	
Ivar	85	67	85	82	55		60	90	58	14	2	
<b>Tágavingull</b>												
Swaj	52	32	80	73	68		18	28	15	7	0	
<b>Hvítsmári <sup>1)</sup></b>												
Litago	90	52	77	40	7		28	25	33	23	8	
Norstar	88	58	83	78	13		23	68	35	28	15	
<b>Túnsmári <sup>2)</sup></b>												
Alpo	77	32	58	45	9		25	5	1	0	0	
<b>Rauðsmári <sup>2)</sup></b>												
Lea	78	53	75	85	22		30	25	9	6	4	
Torun	73	42	73	72	7		25	25	12	7	4	
Lavine	73	42	70	80	15		25	23	9	9	7	
Yngve	82	52	73	82	28		30	28	13	7	6	
<b>Smárablanda <sup>3)</sup></b>												
Smárar	75	47	80	77	17		18	25	11	11	5	

<sup>1)</sup> Tilraun eyðilagðist vegna illgresis sáðárið á Ósi, en á Hvanneyri var seint sáð og fræið náði ekki að spíra.

<sup>1)</sup> Sáð var vallarsveifgrasi (Sobra) með hvítsmára, 50% af hvorri tegund. Þekjan er eingöngu smáraþekja.

<sup>2)</sup> Sáð var vallarfoxgrasi (Adda) með tún- og rauðsmára, 50% af hvorri tegund. Þekjan er eingöngu smáraþekja.

<sup>3)</sup> Sáð var vallarfoxgrasi, vallarsveifgrasi, rauð- og hvítsmára (Adda, Sobra, Torun og Norstar), 25% af hverri tegund. Þekja beggja smáranna.

Þekja, %	Ystu-Garðar					Svínaskógur				
	2009	2010	2011	2012	2013	2009	2010	2011	2012	2013
<b>Vallarfoxgras</b>										
Rakel		55	88	90	73		90	93	95	95
Lidar		65	90	85	75		85	88	95	95
Grindstad		60	85	90	68		88	93	95	95
Switch		40	88	90	75		90	93	90	93
Snorri		80	93	93	88		98	95	95	100
Noreng		65	85	93	73		98	90	95	93
<b>Hávingull</b>										
Norild		45	85	93	53		50	75	48	50
Kasper		48	93	93	55		80	90	88	70
<b>Axhnoðapuntur</b>										
Laban		55	98	90	68		65	50	83	60
<b>Vallarsveifgras</b>										
Kupól		40	93	80	35		63	78	70	65
Knut		45	98	97	98		65	100	95	95
